

Forvarnir

Árið 2009 var forvarnanefnd lögð niður og fóru verkefni hennar til Fjölskylduráðs. Staða forvarnafulltrúa var lögð niður árið 2014 en til varð staða verkefnastjóra forvarna. Sú staða tengist forvörnum en viðkomandi stjórnandi stýrir Húsinu, Músik og mótör og Klettinum og eru málefni barna og unglinga af erlendu bergi brotnu nokkuð stór hluti af starfinu. Við niðurlagningu forvarnafulltrúastöðunnar fluttust einhver verkefni til æskulýðsfulltrúa sem síðan breyttist í nýtt starf sem er íþróttá- og tómskundastarfi.

Forvarnir eru almennt séð fléttaðar inn í starf skóla, íþróttafélaga, félagsamtaka og félagsmiðstöðva þar sem reynt er að hafa fyrirbyggjandi áhrif á unga fólkið. Þessir aðilar hafa breytt áherslum sínum til að hafa sem mest jákvæð áhrif á lífstíl unga fólksins s.s. með aðgerðaáætlunum þegar upp koma mál, forvarnaverkefnum og auknu foreldrasamstarfi.

Hvað fer í forvarnastarf hjá bænum?					
Verkefni	Unnið með hverjum?	Hvernig	Samstarfsaðilar	Kr.	ATH
Gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum	Barnaverndarstarfsmenn	Fræðsla	Blátt áfram	200 þús	lágmark
Munntóbaksverkefni	Jón Ragnar Jónsson	Fræðsla	Krabbameinsfr.	350 þús	
Rannsókn um hagi og líðan skólabarna	Rannsókn og greining	Rannsókn	Menntamálaráðgj.	900 þús	Mismunandi milli ára
Götuvitinn	Starfsmenn íth	Leitarstarf	Lögreglu/foreldrf.	750 þús	
Verkefnastjóri forvarna	Guðbjörg Magnúsdóttir	Yfirmaður Hússins		??%	Sinnir málefnum nýbúabarna, forstm yfir stofnunum
Tóbakskannanir	Starfsmenn íth	Leitarstarf		100 þús	tvær kannanir að jafnaði á ári
Litli hópur	Fulltrúar aðila sem starfa með börnum	Samráðsvettvangur		?	Fundað 2-4 x ári, án fjárheimilda
Íþróttastarf, niðurgreiðslur, styrkir, rekstur			Íþróttafélög		
Níu félagsmiðstöðvar					
Heilsueflandi samfélag	Hafnarfjarðarbær - allir	Fjölbætt			Í vinnslu
Fjölskylduþjónusta,	Barnavernd	Ráðgj. Meðf. Og fyrirb.	Ekki eyrnamerkir		fjármunir í forvarnir
Skólustarf, fræðsla, forvarnir, hinsegin fræðsla, lífsleikni osf	Skólakerfið	fræðsla			

Vímuefnaneysla unglinga er í sögulega lágmarki nema varðandi marjúúana. Þau verkefni sem hafa skilað árangri eins og að efla íþróttá- og tómskundastarf s.s. með auknu framboði og auknum niðurgreiðslum ber að viðhalda en forvarnir eða aðgerðir gegn marjúúananeyslu eru ekki nægilega skilvirkar. Halda þarf áfram þar og finna leiðir sem skila árangri. Það sem helst hefur verið gert hér, er að finna áhættuhópin, virkja hann í tómskundastarf og auka samráð við og meðal foreldra viðkomandi.

Gagnvart hópamyndun í miðbæ má segja að hún er oft mest að hausti en þá er foreldraröltið jafnvel ekki komið í gang, útivistartími er sveigjanlegri, félagsmiðstöðvar hefja starf sitt og æfingar íþróttafélaga hefjast á fullum krafti. Leitarstarf bæjarins, Götuvitinn hefur verið minni síðustu misseri en starfið en hófst nú aftur í lok ágúst.

Í Firði safnast, að sögn húsvarðar, aðallega tveir hópar. Annar hópurinn er 15 – 17 ára ungmenni sem mæta þar jafnvel snemma á morgnanna og hanga þar fram á kvöld. Talið er að þessi hópur sé að fíkta í marjúúana og að þetta séu 5-8 einstaklingar. Hinn hópurinn er yngri og þar eru 12 – 14 ára börn sem koma eftir að skóla er lokið og hanga þarna fram eftir. Hér skortir okkur upplýsingar og er unnið að gagnaöflun. Fjölskylduþjónustan er með eitthvað af þessum börnum sem barnaverndarmál. Þau koma úr nokkrum skólum bæjarins.

Geir Bjarnason